


Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Samþykkt: SJ	Fundargerð	
Síða 1-		

Tegund fundar: Skólanefndarfundur

Fundarritari: Helga Jóhannsdóttir

Dagsetning: 13.3.2024

Fundarstjóri: Steinn Jóhannsson

Tími: kl. 16:30 – 17:40

Fundinn sátu: Margrét M. Norðdahl (Formaður skólanefndar), Sigríður Jónsdóttir (foreldrafélagi), Ásdís Þórólfsdóttir fulltrúi kennara, Jórunn Haraldsdóttir

Mætt: TEAMS: Magnea Gná Jóhannsdóttir, Einar Örn Ævarsson

Tilefni: Fundur nr. 1
2024

Gestur : Signý Marta Böðvarsdóttir

Forföll Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Rúna Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Eyþór Laxdal Arnalds

Dagskrá:

Dagskráin er sem hér segir.

1. Kynning á nýjum fulltrúa foreldraráðs í skólanefnd
2. Ársreikningur 2023 - Signý Marta fjármálastjóri MH kynnis
3. Skólastarfið á vorönn
4. Breytingar á námsbrautum
5. Breytingar á starfsmannahaldi fyrir skólaárið 2024-2025
6. Önnur mál


Fundargerð:

Nýr fulltrúi í skólanefnd: Sigríður Jónsdóttir er nýr fulltrúi frá foreldrafélaginu og á son á öðru ári í MH.

Ársreikningur 2023 var kynntur og borinn saman við 2022. Fjármálastjórinn kynnti.

Skólastarf á vorönn:

- Loksins komið mótuneyti á Matgarði sem við erum mjög stolt af. Nemendur kaupa 10 miða kort og geta nýtt sér það hvenær sem er, en þurfa að skrá sig í mat. Nemendur eru mjög ánægðir og markmið að þau geti fengið allt sem þau þurfa hér, mat, nám og félagslíf.
- Leikfélagið er að setja upp Söngvaseið í samstarfi við MÍT og verður frumsýnt 13. Apríl á Miklagarði.
- Árshátíð nemenda var haldin hér í MH og gekk vel
- Opið hús 7.mars – gekk vel og 10. bekkingar fjölmenntu í MH ásamt aðstandendum.
- Kórinn fór í ferðalag um Suðurland sem endaði á tónleikum í Hallgrímskirkju – ábending að auglýsa betur svona tónleika á meðal aðstandenda, t.d. með því að senda póst.

Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	Fundargerð	
Samþykkt: SJ		
Síða 2-		

- Rætt um starfsbrautina og þeirra þátttöku í félagslífinu – þau eru t.d. að sjá um hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna núna 24. apríl. Bent á að gera meira af því að komast að því hvað nemendur á fjölnámsbraut gætu viljað eða gætu þurft frá okkur starfsfólki og nemendum

Breytingar á námsbrautum: Afreksíþróttaval gert sýnilegra frá og með haustönn 2024. Nemendur geta fengið íþróttir sem þau stunda utan skóla inn í valið og í staðinn fyrir íþróttir og frjálst val. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni.

<https://www.mh.is/is/namid/skipulag-nams/afreksithrottaval>

Starfsmannabreytingar. Verið að auglýsa vegna afleysinga hjá kennurum sem eru í leyfi og einnig fyrir kennara sem hafa horfið til annarra starfa og þarf því að auglýsa stöðurnar. Verkefnastjóri jafnréttismála mun fara í stærra hlutfall á næstu önn og er það hluti af farsæld í þágu nemenda.

Önnur mál:

Haustið 2024 verður prófað að bjóða upp á þriðjutungumála kennslu fyrir grunnskólanemendur í 10.bekk grunnskóla í grennd við MH. Kennslan verður seinnipartinn, þ.e. frá 15:00-16:50 á miðvikudögum.

Rætt um kennslu nemenda sem ekki hafa íslensku sem annað tungumál.

Á næsta fundi – hugmynd að fá Valgerði Garðarsdóttur um að koma inn og segja frá Námsverinu og jafnvel Lindu Jóhannesdóttur að segja frá fjölnámsbrautinni.

Veitingar: ostur/kex/skinka/sulta / melónur og smá sætt

Næsti fundur miðvikudaginn 12. júní 2024 eða viku seinna.

Fundi slitið 17:45.

Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg